


# Fjölmenning í Rótarý



25. febrúar 2016 - 11:23

Thomas Möller (/frettir/pistlahofundar/35) skrifar

Like 0

Laugardaginn 27. febrúar munu flestir Rótarýklúbbar landsins fjalla um fjölmenningu á Íslandi. Athyglisverðir fyrirlestrar verða haldnir um land allt ásamt tónlistaratriðum og kynningu á fjölmenningu í matargerð sem nokkrir klúbbanna munu standa fyrir.

Þessi fjölmenningardagur er aðeins hluti af fjölbreyttri starfsemi Rótarýklúbbanna á Íslandi. Í hverri viku hittast um þúsund manns á rótarýfundum um land allt. Þar við borð sitja fulltrúar allra stétta og starfsgreina, iðngreina, listgreina, atvinnuvega og opinberra fyrirtækja á öllum aldri og af báðum kynjum. Hugmyndin bak við Rótarý er þannig að með því að setja sig inn í heim annarra, þá aukist skilningur og samstarf, öllum til hagsbóta.

Áherslan á fjölmenningu og kynningu á henni er Rótarýhreyfingunni í blóð borin.

Í Rótarý er um allan heim fólk af öllum þjóðernum, kynþáttum og úr öllum trúfélögum. Á Íslandi eru í dag um 25 þúsund aðfluttir útlendingar sem krydda okkar þjóðfélag með sinni menningu og starfa í öllum atvinnuvegum þjóðarinnar. Í síðustu viku var Denis Grbic kosinn matreiðslumaður ársins. Hann kom sem flóttamaður til landsins ungur að árum. Við eigum að taka vel á móti flóttafólki og sýna þeim virðingu. Okkar litla þjóð þarfnast fleiri landsmanna.

FIMMTUDAGUR 25. FEBRÚAR 2016

Um 1200 manns eru í 31 Rótarýklúbbi á Íslandi í dag. Félagsgjaldið rennur að mestu leyti í góðgerðarverkefni hérlendis og erlendis. Klúbbarnir styðja við ungmennastarf og nemendaskipti milli landa á hverju ári. Einnig er stutt við landgræðslu, Unicef, menningarstarf og staðið fyrir ræðunámskeiðum fyrir ungmenni víða á landinu svo nokkur dæmi séu nefnd.

Um 1,2 milljónir manna og kvenna eru í hreyfingunni í heiminum. Rótarý lætur um 100 milljónir dollara (um 15 milljarða króna) renna til mannúðarmála um allan heim á hverju ári. Þannig er Rótarýhreyfingin ein öflugasta góðgerðarhreyfingin í heiminum í dag. Þekktasti rótarýfélaginn er Bill Gates sem hefur ásamt konu sinni Melindu látið um 350 milljónir dollara renna til átaks Rótarý í baráttunni við lömunarveikina í heiminum.

Rótarýfundirnir eru vettvangur skoðanaskipta og fræðslu en á hverjum fundi er flutt erindi sem fjalla um flest svið íslensks samfélags… fjölmenningu, listir, atvinnugreinar, skólamál, frumkvöðlastarf, fornbókmenntir, ræðulist, raddbeitingu og tónlist svo eitthvað sé nefnt. Rótarýfundir eru tækifæri til símenntunar í hverri viku. Rótarýfélagar byggja þannig upp tengslanet sem er eitt mikilvægasta tækið til eflingar á skilningi, vinsemd og virðingu í dag.

Þannig snýst Rótarý um það að hittast, fræðast og um leið að láta gott af sér leiða.

Nánari upplýsingar um Rótarýhreyfinguna er að vinna á www.rotary.is (http://www.rotary.is/), einnig á facebook og twitter.

TIL BAKA (HTTP://WWW.HRINGBRAUT.IS/FRETTIR)

## NÝJAST


(/frettir/pistlar/ad-borga-i-somu-mynt)

## Að borga í sömu mynt (/frettir/pistlar/ad-borga-i-somu-mynt)

24.02.2016 - Þorsteinn Pálsson

Fyrr í þessum mánuði tilkynnti raforkudreifingarfyrirtækið Landsnet að það hefði ákveðið að yfirgefa krónuhagkerfið og gera reikninga sína framvegis upp í dollurum. Þetta er svo eðlileg ákvörðun að hún er varla í frásögu færandi. En fréttin gefu...


(/frettir/pistlar/staerstu-mistokin-eru-ekki-a-syndaregistrinu)

## Stærstu mistökin eru ekki á syndaregistrinu (/frettir/pistlar/staerstu-mistokin-eru-ekki-a-syndaregistrinu)

17.02.2016 - Þorsteinn Pálsson

Formaður Samfylkingarinnar hefur hrundið af stað líflegri umræðu um syndaregistur sem hann hefur skráð eftir flokksmönnum á fundum og í samtölum og birt aftur í bréfi til þeirra. Sumt af því sem þar er tínt til á ugglaust einhvern þátt í þeirri kl...



(/frettir/pistlar/thjodaratkvaedi-eda-styttri-buvorusamninga)

## Þjóðaratkvæði eða styttri búvörusamninga (/frettir/pistlar/thjodaratkvaedi-eda-styttri-buvorusamninga)

11.02.2016 - Þorsteinn Pálsson

Efni þeirra búvörusamninga sem nú eru á döfinni er eitt. Aðferðin við gerð þeirra er annað. Landbúnaðarráðherra kaus að semja á bak við luktar dyr. Alþingi fékk ekki að fjalla um samningsmarkmiðin. Og upplýst hefur verið að þeir eigi að gilda til ...



[(/frettir/pistlar/voruskiptaverslun-agrip-af-verzlunarsogu)](/frettir/pistlar/voruskiptaverslun-agrip-af-verzlunarsogu)

## Vöruskiptaverzlun - ágrip af verzlunarsögu (/frettir/pistlar/voruskiptaverslun-agrip-af-verzlunarsogu)

25.02.2016 - Guðmundur S. Brynjólfsson

Stundum óskar maður sér þess að hægt sé að stunda vöruskiptaverslun. Ég gæti þá t.d. farið með eitthvað af bókunum mínum í næsta stórmarkað og fengið appelsínur, tekex og sviðasultu í þeirra stað.



(/frettir/pistlar/pelsakvaedid-ekki-fyrir-borgunarmenn)

## Pelsákvæðið - ekki fyrir Borgunarmenn (/frettir/pistlar/pelsakvaedid-ekki-fyrir-borgunarmenn)

25.02.2016 - Ólafur Arnarson

Þessi klásúla er í daglegu tali nefnd Pelsákvæðið, með tilvísun til þess að seljendur Skúlagötu 51 tengdust Pelsinum. Allt þar í nóvember 2014 var það ófrávíkjanleg regla hjá bönkunum að setja Pelsákvæðið inn í alla sölusamninga, hvort sem um fasteignir eða félög var að ræða. Sérstaklega hefur verið talið mikilvægt að hafa sterkt Pelsákvæði inni í samningum þegar viðskiptin eru við eigendur eða stjórnendur í viðkomandi fyrirtækjum.



[(/frettir/pistlar/fjolmenning-i-rotary)](/frettir/pistlar/fjolmenning-i-rotary)

## Fjölmenning í Rótarý (/frettir/pistlar/fjolmenning-i-rotary)

25.02.2016 - Thomas Möller

Laugardaginn 27. febrúar munu flestir Rótarýklúbbar landsins fjalla um fjölmenningu á Íslandi. Athyglisverðir fyrirlestrar verða haldnir um land allt ásamt tónlistaratriðum og kynningu á fjölmenningu í matargerð sem nokkrir klúbbanna munu standa fyrir.

---

YFIRLIT PISTLA (/FRETTIR/PISTLAR)

| FRÉTTIR | PISTLAR | SJÓNVARP |
|---|---|---|

## Vinsælustu fréttirnar

1 | BEINBROTIN, AFSKIPT OG PISSUBLAUT (/FRETTIR/BEINBROTIN-AFSKIPT-OG-PISSUBLAUT)

2 | BANNAÐ AÐ HRINGJA Í LÆKNI (/FRETTIR/BEINBROT-EN-BANNAD-AD-HRINGJA-I-LAEKNI)

3 | SÝSLUMENN Í SKÍTVERKUM FYRIR BANKANA! (/FRETTIR/SYSLUMENN-A-PLANI-I-SKITVERKUM-FYRIR-BANKA)

4 | ÍSLAND: AUÐURINN BARA FYRIR ÚTVALDA (/FRETTIR/ISLAND-AUDURINN-ADEINS-FYRIR-UTVALDA)

5 | RÁÐHERRABÍLSTJÓRAR MEÐ 800.000 Í LAUN (/FRETTIR/RADHERRABILSTJORAR-MED-800-THUSUND-I-LAUN)

6 | JÓHANNA HVETUR TIL LEIÐAR PÍRATA (/FRETTIR/JOHANNA-HVETUR-TIL-LEIDAR-PIRATA)

7 | ER ÞAÐ NÝSKÖPUN AÐ SETJA 29 FÉLÖG Í ÞROT? (/FRETTIR/ER-NYSKOPUN-AD-SETJA-29-FELOG-I-THROT)

8 | FIMM NÝIR LÆK-MÖGULEIKAR Á FACEBOOK (/FRETTIR/FIMM-NYIR-LAEK-MOGULEIKAR-A-FACEBOOK)

9 | ÚTGERÐIN VERÐLAUNUÐ FYRIR LÖGBROT! (/FRETTIR/UTGERDIN-VERDLAUNUD-FYRIR-LOGBROT)

10 | ÍSLENSKIR BÆNDUR ERU EKKI FRÁ SRI LANKA (/FRETTIR/ISLENSKIR-BAENDUR-ERU-EKKI-FRA-SRI-LANKA)

## VINSÆLAR KLIPPUR

1

**Bryndís um kjaftasögur**
11.03.2015
(/sjonvarp/klippur/bryndis-um-kjaftasogur)



2

(/sjonvarp/klippur/bryndis-um-dotturmissi)

**Bryndís um dótturmissi**
11.03.2015



3

**Hinn helmingurinn horfinn**
16.02.2016
(/sjonvarp/klippur/hinn-helmingurinn-horfinn)




4

**Jakob um vímuefni**
18.03.2015
(/sjonvarp/klippur/jakob-heppinn-ad-faedast-ekki-med-genid)



5

**Guðný um krabbann**
22.04.2015
(/sjonvarp/klippur/gudny-um-krabbann)




6

**Ómar um áfengi**
29.04.2015
(/sjonvarp/klippur/omar-um-afengi)




7

**Einn maður í heimi með hag af íslenskum hvalveiðum**
22.02.2016
(/sjonvarp/klippur/einn-madur-i-heimi-med-hag-af-islenskum-hvalveidum)



8

**Rottan sem búin er til úr ca. 20 bílum**
24.02.2016
(/sjonvarp/klippur/rottan-sem-buin-er-til-ur-ca-20-bilum)



9

**Þáttur tvö - Kjólar**
23.02.2016
(/sjonvarp/klippur/thattur-tvo-kjolar)



10

**Jakob um versta giggið**
18.03.2015
(/sjonvarp/klippur/jakob-um-versta-giggid)



› BBC 'missed chances to stop abuse' (http://www.bbc.co.uk/news/uk-35658398#sa-ns_mchannel=rss&ns_source=PublicRSS20-sa)

- Italian Senate backs civil unions bill (http://www.bbc.co.uk/news/world-europe-35664441#sa-…
- Election does not mean Fifa will change (http://www.bbc.co.uk/sport/0/football/35661703)
- VIDEO: Virgin foils rail fan's Scotsman dream (http://www.bbc.co.uk/news/uk-england-35662754#sa-…

---

- SeaWorld Admits Spying On Animal Rights Group (http://news.sky.com/story/1648751)
- Calais 'Jungle' Camp Demolition Gets Go-Ahead (http://news.sky.com/story/1648699)
- Teen Says Life Under IS Was 'Really Hard' (http://news.sky.com/story/1648723)
- Viola Beach Crash Driver Was Not Intoxicated (http://news.sky.com/story/1648713)
- Hugo Boss Chief To Leave After Profit Warning (http://news.sky.com/story/1648667)

---

- This is how Italy won the race for beauty…
- Teens: Iran isn't what you think it is…
- Horses on ice: White Turf racing at Lake St. Moritz…
- Full voltage! World's most exciting electric supercars…
- ISIS fought by tech giants?…

---

- EU-kommissær: Vi risikerer omfattende humanitær krise (http://www.dr.dk/nyheder/udland/eu-kommissaer-vi-risikerer-…
- VIDEO Syrisk kunstner: Derfor vendte jeg hjem til Damaskus (http://www.dr.dk/nyheder/udland/video-syrisk-kunstner-derfor-…
- Stigende CO2-mængder i atmosfæren ødelægger Jordens koralrev (http://www.dr.dk/nyheder/viden/stigende-co2-maengder-i-…
- Eksklusivt interview: Skuespiller fra 'The Revenant' fortæller om de hårde optagelser…
- Adam Holm forelsket i Damaskus trods krig og død (http://www.dr.dk/nyheder/udland/adam-holm-forelsket-i-damaskus-trods-kri…

---

- David Cameron presset af øget indvandring…
- Naturforening klager til EU over landbrugspakken…
- Brandforsker: Fejl i norsk Scandinavian Star-rapport…
- 27-årig stormer ind på Forbesliste - Morgan Stanley var ikke lykken (http://borsen.dk/nyheder/karriere/artikel/1/320567/27-…
- Vestas-konkurrent fik mindre overskud end ventet (http://borsen.dk/nyheder/virksomheder/artikel/1/320579/vestas-…

---

- What's Wrong with Saxony?: A Search for the Roots of Fear and Racism (http://www.spiegel.de/international/germany/saxony-…
- Lying Press?: Germans Lose Faith in the Fourth Estate (http://www.spiegel.de/international/germany/most-germans-think-the-…
- Opinion: Standing Up To Putin's Aggression (http://www.spiegel.de/international/world/why-the-west-must-stand-up-against-…
- Lift the Ban!: Kofi Annan on Why It's Time To Legalize Drugs (http://www.spiegel.de/international/world/kofi-annan-on-why-drug-…
- Saudi Foreign Minister: 'I Don't Think World War III Is Going To Happen in Syria'…


## HRINGBRAUT-MIÐLUN EHF

**Sundagörðum 2**
**104 Reykjavík**
**Sími: 561 3100**

**ritstjorn@hringbraut.is (mailto:ritstjorn@hringbraut.is)**
**auglysingar@hringbraut.is (mailto:auglysingar@hringbraut.is)**
**utsending@hringbraut.is (mailto:utsending@hringbraut.is)**


HVERNIG NÁST ÚTSENDINGAR HRINGBRAUTAR?

Hringbraut er ókeypis sjónvarps- og vefmiðill sem leggur áherslu á upplýsandi, fræðandi og trúverðuga umræðu í fjöldamörgum þáttum sem sýndir eru í hverri viku. Þá er auðvelt að nálgast á rás 7 hjá Símanum, rás 25 á Vodafone (524 fyrir HD) og 35 á örbylgjunni. Hringbraut sendir út allan sólarhringinn um allt land, jafnt í HD-gæðum og SD-gæðum.

Dagskrána er að finna undir flipanum *SJÓNVARP (/sjonvarp)*



© 2015 Hringbraut-miðlun ehf. / Allur réttur áskilinn. Notkun á efni vefsíðunnar er háð því að vitnað sé til upprunans.